

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar vegna athafnasvæðis AT12 sunnan Fitja.

Skipulagsstofnun staðfesti 16. maí 2024 óverulega breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 sem samþykkt var í bæjarstjórn 21. nóvember 2023.

Í breytingunni felast áform um rúmlega 4 ha stækkun athafnasvæðis AT12 sunnan Fitja og samsvarandi minnkun á opnu svæði OP26. Svæðið verður um 52,4 ha að stærð eftir breytingu. Skipulagsákvæði eru óbreytt.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 16. maí 2024.*

F.h. forstjóra,

**Guðrún Lára Sveinsdóttir.**

B-deild – Útgáfudagur: 31. maí 2024